


VESTUR




SUÐUR

Húnaþing vestra
Samþykkt þann
11. des. 2018
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra




AUSTUR




SNIÐ A-A




SNIÐ B-B



NORÐUR




AFSTÖÐUMYND MKV. 1:500




GRUNNMYND MKV. 1:100




KJALLARI
MKV. 1:100

**HÆÐIR Á LÓÐAMÖRKUN**

| | |
|---|---|
| L034 | 9,60m |
| L035 | 6,40m |
| L039 | 9,70m |
| L040 | 6,30m |

MÓTTEKIÐ
4. des. 2018
Byggingarfulltrúinn
í Húnaþingi vestra

**BYGGINGARLÝSING**

Nýtt íbúðarhús á lóðinn Bakkatún 8 á Hvammstanga, landnúmer 211559. Húsið er timburhús á steyptum grunni. Húsið er tveir matshlutar, matshluti 01 er kjallari 30,6m² - 89,3m³ og íbúðarhús 115,2m² - 407,3m³, samtals 506,6m³ með botnplötu og matshluti 02 er bílskúr 40,7m² - 150,8m³. Lóðin Bakkatún 8 er 690m² og nýtingarhlutfallið er 0,23. Tvö bílastæði eru á lóðinni. Gólfplata er steypt á fyllingu í kóta 9.80m. Einangrun undir gólfplötum og að kjallaraveggjum í jörð er 100mm frauðplast 24 kg/m³. Lofthæð í kjallara er 2,2m.

Útveggir eru gerðir úr 45x145mm timburgrind sem klædd er utan með 9mm grenikrossviði og loftræstri vatnskápu úr lóðréttri vatnsklæðningu eða sambærilegu efni. Útveggir eru einangraðir með 150mm steinullareinangrun, innan við einangrun kemur rakavarnarlag 0,2mm þolplast, 35mm steinullarfyllt lagnagrind og 13mm FERMACELL- gifsklæðning eða önnur sambærileg. Innveggir eru gerðir úr 45x70mm timburgrind sem fyllt er með 70mm þéttullar einangrun 50 kg/m³ og klæddir báðu megin með 13mm FERMACELL- gifsklæðningu eða öðru sambærilegu efni. Burðarvirki þaks í matshluta 01 og 02 er 45x225mm trésperrur c/c 600mm og burðrbitar úr límtré. Þakið er þéttklætt með 25x150mm borðaklæðningu þakpappa og báruðu aluzinki. Þakið er einangrað með 200mm þakull með áföstum vindpappa milli sperra. Loftun yfir einangrun er 25mm og þrjú 40mm loftunarrör í hvert sperrubil. Neðan á sperrur kemur rakavarnarlag úr 0.2mm þolplasti, 35mm steinullarfyllt lagnagrind 13mm FERMACELL- gifsklæðning eða önnur sambærileg. Gluggar eru smíðaðir hjá Tveim smiðum ehf. á Hvammstanga eða Berki ehf. á Akureyri og glerjaðir með Energy einangrunargleri. Lagnaleiðir milli íbúðar og bílskúrs eru ídráttarrör í og/eða undir steyptri gólfplötu.

Hitakerfi hússins er gólfhiti. Í matshluta 01 er gólfhitalögn í einangrunarmottu og gólfílögn samtals 70mm þykk, en í matshluta 02 er gólfhitalögnin í steyptri gólfplötu. Gólfhæð í matshluta 01 er því 70mm ofar en í matshluta 02 eða í kóta 9,80. Hámarkshiti á neysluvatni er 65°C. Loftræsting er náttúruleg um opnanlega glugga nema frá eldhúsi og baði, þar er vélrænt útsog. Læstum lyfjaskáp skal komið fyrir í eldhúsinnréttingu og læstum skáp fyrir hreinsiefni í þvottahúsi.

BRUNAVARNIR

Björgunarop og flóttaleiðir er sýnt á grunnmynd og björgunarop á útliti. Koma skal fyrir reykskynjurum í öllum herbergjum. Staðsetja skal handslökkvitæki í samráði við eldvarnareftirlit.

| KÓLNUNARTÖLUR | U-GILDI | | | SKÝRINGAR | |
|---|---|---|---|---|---|
| Þak | 0,15 W/m²K | | | Gólfniðurfall | oGN |
| Útveggir steyptir | 0,35 W/m²K | | | Póstkassi | P |
| Útveggir léttir | 0,23 W/m²K | | | Reykskynjari | R |
| Gluggar | 1,55 W/m²K | | | Loftræsting | Lr |
| Hurðir | 1.28 W/m²K | | | | |
| Gólf | 0,23 W/m²K | | | | |
| Útveggir, meðaltal | 0,39 W/m²K | | | | |
| Heildarorkuþörf | 12.689 W | Heildarvarmaleiðnitap | 7.624 W | | |

Hönnunarstjóri: Bjarni Þór Einarsson, kt. 310348-2449
Áritun hönnunarstjóra:

| Breyting dags: | Samþykkur: |
|---|---|
| 30. 05. 2017 | BÞE |
| 16. 11. 2017 | BÞE |
| 5. 12. 2017 | BÞE |
| 27. 11. 2018 | BÞE |

Verk:
# BAKKATÚN 8, HVAMMSTANGA

Viðfangsefni:
EIBÝLÍSHÚS OG BÍLGEYMSLA
GRUNNMYNDIR, ÚTLIT, SNIÐ OG AFSTÖÐUMYND

RÁÐBARÐUR SF.
RÁÐGJÖF OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTA
Bjarni Þór Einarsson MTFÍ
Byggingartæknifræðingur Bsc. kt. 310348-2449
Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga, bthe@itn.is
Símar: 455-2511, 892-8296, fax: 455-2509

Hannað / teiknað: BÞE/ÞEE
Yfirfarið: BÞE
Dagsetning: 02. 05. 2017
Samþykkur:
Mælikvarði: 1:100 og 1:500
Verk - Teikning númer: 170501 - HBT8101